2015 03559

**Páll Helgason**
**-**
***tónlistarmaður***

Málsnr. 201503559
Skjalasafn Mosfellsbæjar – Kjarna

Mosfellsbæ, 22. Nóvember, 2015 24 NOV 2015

Bréfalykill: 19.3

Til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar
Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi,
Þverholti 2,
270 Mosfellsbæ.

Frá húseiganda við Reykjaveg vegna tillögu að deiliskipulagi Reykjavegar 62

Undirrituð gera athugasemd við úthlutun raðhúsalóðar við Reykjaveg 62. Aðalástæða er sú að nú þegar eru 15 heimkeyrslur að húsunum frá Reykjavegi nr. 53 til nr. 65 og liggja þessar heimkeyrslur allar beint út á Reykjaveginn sinn hvoru megin og eru á rúmlega 300 metra kafla. Þarna hafa orðið tjón á fólki og faratækjum enda umferð mikil sem ekki þarf að orðlengja. Leyfilegur hraði á þessum vegi er 50 km og er ein hraðahindrun á leiðinni sem keyrt er yfir á 80 km hraða.

Förum við fram á að bærinn beiti sér fyrir því að þessi stutti vegakafli verði sérmerktur 30 km og settar verði upp viðunandi hraðahindranir svo örugglega hægist á umferðinni þessa rúmlega 300 metra. Þetta mun tefja umferðina um eina til tvær mínútur. Undirrituð eru tilbúin að mæta til fundar við skipulagsnefnd ef þurfa þykir.

Bestu kveðjur frá húseigendum Reykjavegar 59, Mos.

Bjarney Einarsdóttir

Páll Helgason

Reykjavegi 59, 270 Mosfellsbæ
Símar: 5666415 – 8960415
Netfang: pallhelga@simnet.is

# Reykjavegur 62, Mosfellsbæ, Deiliskipulag




Deiliskipulagsuppdráttur 1:1000

## Greinargerð

Almennt
Um er að ræða nýtt deiliskipulag, sem tekur til lóðarinnar Reykjaveg 62 í Mosfellsbæ.
Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 gerir ráð fyrir íbúðabyggð á lóðinni.
Skipulagssvæðið er 2000 m² og er í beinu framhaldi af núverandi byggð við Reykjaveg.
Ekki er vitað um neinar fornminjar á skipulagssvæðinu.

## Skipulagstillaga

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að skipulagssvæðið skiptist í þrjár lóðir fyrir einnar hæðar raðhúss. Heimilt er að byggja allt að 30 m² geymslu á hverri lóð, í sérstökum byggingarreit á suðurlóð. Ekki er gert ráð fyrir bílgeymslum. Lóðirnar eru 500 m²-750 m² að stærð. Hámarksnýtingarhlutfall á lóðunum samanlögðum er 0,3.

## Skipulags og byggingarskilmálar.

Allir hlutar húsa skulu standa innan byggingareita, eins og þeir eru sýndir á deiliskipulagi.
Við hönnun húsa skal þess gætt að nýta landkosti lóða sem best og fella byggingar vel að aðstæðum.
Þar sem húsin eru samtengd, skal samræma þakform, lita og efnisval. Samtengd hús skal setja fram sem eina heild í byggingarleyfisumsókn.
Ekki er gerð krafa um þakform eða byggingarefni..
Ekki er gert ráð fyrir kjallara undir húsunum.

## Sérákvæði

62A, 62B og 62C
Byggingareitur fyrir einnar hæðar raðhús.

| | |
|---|---|
| Hámarksstærð íbúðar | 170,0 m² |
| Hámarksstærð geymslu á lóð | 30,0m² |
| Hámarksvegghæð langhliða | 4,0 m |
| Hámarksmænishæð | 5,5 m |
| Nýtingarhlutfall ( samanlagt) | 0,3 |




Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 1:15000

## Skýringar:

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS / BYGGINGAREITUR
- LÓÐAMÖRK
- STOFNVEGUR
- TENGIVEGIR
- STÆRÐ LÓÐA
- BÍLASTÆÐI

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann _____________2015

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ___________

| Breyting | Dags. |
|---|---|
| Uppfært | 15.07.15 |
| Uppfært | 13.09.15 |
| Uppfært | 10.10.15 |

Aðalhönnuður kt.: 100760-5849

Verkefni: Reykjavegur 62, Mosfellsbæ
Deiliskipulagstillaga

Hannað: Vigfús Halldórsson — Teiknað: Vigfús Halldórsson

Vigfús Halldórsson BFI
Biskupsgata 3, 113 Reykjavík
S:8984908 / vigfus.h@internet.is

Verk nr.: 15–05
Dagsetning: 22-06 2015
Kvarði: 1:1000
Teikning nr.: A-1